



Umhverfis- og skipulagssvið  
Höfðatorg - Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

### **Borgartún 34-36 - deiliskipulag**

Á fundi borgarráðs þann 13. október 2022 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 7. október 2022, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 5. október 2022 á tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 34-36 við Borgartún, ásamt fylgiskjöllum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Í nýjustu breytingunni felst að fækka eigi íbúðum um tvær, þ.e. úr 102 í 100. Húsið er lækkað um eina hæð, skuggavarp er minnkað og fjölgun er á íbúum hússins. Þetta eru litlar breytingar í heildarsamhengi. Var ekki vilji til að lækka húsið um fleiri hæðir? Er almennt ráðlagt að setja svo margar íbúðir í eitt hús? Fordæmi er varla fyrir þessu í Reykjavík. Fulltrúa Flokks fólksins finnst þéttingarstefna meirihlutans ganga ansi langt hér og óttast að of mikil þrengsli verði og umferðarvandamál. Svo mikil þétting hefur neikvæð áhrif á sálræna líðan margra. Flokkur fólksins styður þéttingu ef hún er gerð skynsamlega og án öfga. Vissulega þarf að nota landið vel en ekki á kostnað grænna svæða og heilsufars fólks. Fjölmargar athugasemdir hafa borist og eru flestar af sama meiði, of mikið byggingarmagn og áhyggjur af umferð. Taka hefði mátt meira tillit til skoðana fólks í þessu máli.

Helga Björk Laxdal  
e.u.